

Efni:

- Rusl
- Vegurinn

KERHRAUNSFRETTIR

Rusl



Alltaf batnar nú ástandið í Kerhrauni.

Marg oft hefur verið hringt og talað við forsvarsmenn Ægisauðs um ruslið sem dreifst hefur um svæðið af þeirra hálfu. Þeir lofa bót og betrun en ekkert gerist og nú er enginn að vinna á svæðinu þannig að ég vil gjarnan fá að vita hvaða og hvort Kerhraunarar hafa einhverjar lausnir á þessu ófremdarástandi.

Mér hafði dottið í hug að gefa upp GSM síma þeirra fyrir þá sem vilja æsa sig en geri það ekki nema þess sé óskað.

Endilega þið ykkar sem teljið ykkur hafa lausn á þessu, látið í ykkur heyra.

Kveðja
Guðrún 896-4437

Ástand vega í Kerhrauni



Kæru Kerhraunarar

Það hefur líklega ekki farið fram hjá neinum sem átt hefur leið í Kerhraunið að vegurinn er í afleitu ástandi. Ástæðan er náttúrulega sú að vegurinn er orðinn það niðurgrafinn að hann virkar orðið eins og árfarvegur og smá saman hefur grafist upp úr honum og líklega á ástandið ekki eftir að batna í vetur.

Stjórnin sótti þann 1. september um vegstyrk til hreppsins en það er hægt að gera einu sinni á ári. Styrkurinn verður til umfjöllunar hjá sveitastjórninni vonandi fljótlega og hafa þá þegar 13 aðilar sótt um. Sveitastjórnin hefur um 3.000.000.- til skiptanna þannig að nú er bara að bíða og sjá hverjir hinir heppnu verða. Menn á vegum hreppsins fara í vettvangsskoðun og ættu þá möguleikar okkar að aukast við það að þeir sjái þessi ósköp.

Stjórnin lét kanna hvernig mætti laga veginn og þá aðallega brekkuna og til þess að koma einhverju skikki á hana verður að hækka veginn upp til þess að fyrirbyggja að vatnið renni eftir honum. Þetta kostar auðvitað mikla peninga og gæti verið allt að 1.500.000.- þannig að svona ákvarðanir verða eigendurnir að taka sameigilega.

Það liggur fyrir að í nánustu framtíð þarf að gera eitthvað í vegamálum á svæðinu til þess að hægt verði að bregða sér í sveitasæluna nánast allt árið, en það hefur sýnt sig að meðan miklar byggingaframkvæmdir eru á svæðinu þá er þetta nánast að henta peningunum út um gluggann. Grindarhliðið er að góðri leið með að vera búið að glata öllum staurunum sínum.

Nú er bara að bíða og vona að við fá einhvern styrk svo hægt sé að laga veginn eitthvað.

Kveðjur, Guðrún